

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við opnun ráðstefnunnar „Góðir stjórnarhættir – fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum“.**

**Haldið í Hátíðasal þriðjudaginn 10. apríl 2018 kl. 8.30 (8.45).**

Góðir gestir, það er mér heiður og ánægja að bjóða ykkur öll innilega velkomin hingað í Hátíðasal Háskóla Íslands til árlegrar ráðstefnu Rannsóknamiðstöðvar um stjórnarhætti við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

I would like to especially welcome our distinguished speaker Bob Garratt, Professor Extraordinaire at the University of Stellenbosch, South Africa, who chairs its centre for Corporate Governance in Africa. He is also a Visiting Professor at Cass Business School in London. It is an honor for the University of Iceland to have you with us today here, Bob. I will now proceed in Icelandic.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hefur verið starfrækt um árabíl undir forystu Eyþórs Ívars Jónssonar, en miðstöðin var stofnuð fyrir áratug. Meðal hlutverka miðstöðvarinnar er að:

- Stunda rannsóknir á sviði stjórnarháttanna í sterkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf,
- vera bakland kennslu í stjórnarháttum og taka þátt í þjálfun meistara- og doktorsnema í rannsóknum á sviðinu,

- byggja upp tengsl og efla samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði stjórnarhátta,
- vinna þjónustuverkefni á sviði stjórnarhátta.

Það skiptir gríðarlega miklu máli fyrir íslenskt atvinnulíf að fyrirtæki, félög og sjóðir í landinu njóti trausts og er ástundun góðra stjórnarhátta lykilþáttur í því. Það hefur líka sýnt sig að sterk tengsl eru á milli góðra stjórnarhátta og heilbrigðra gilda í samfélaginu öllu. Þannig var eftir bankakreppuna árið 2008 lögð stóru áhersla á góða stjórnarhætti, enda var það nauðsynlegur þáttur í því að endurheimta traust og trúverðugleika.

Mikilvægi traustra stjórnarhátta einskorðast ekki við atvinnulífið heldur á það í raun við alls staðar, einnig í háskólasamfélaginu. Svo dæmi sé tekið starfar háskólaráð Háskóla Íslands, sem ásamt rektor fer með yfirstjórn skólans, eftir skýrum starfsreglum og fer sérstök nefnd árlega yfir starfshætti ráðsins á undangengnu starfsári og gerir eftir ástæðum tillögur um úrbætur. Einnig er lögð rík áhersla á að tryggja gegnsæi og gott upplýsingaflæði og eru fundargerðir háskólaráðs birtar á ytri vef skólans í kjölfar funda. Lætur nærri að um helmingur allra starfsmanna Háskólans lesi fundargerðirnar reglulega og fylgist þannig með störfum og starfsháttum yfirstjórnar skólans sem er mjög jákvætt.

Þá hefur nú í nokkur ár starfað innri endurskoðandi við Háskóla Íslands, einan íslenskra háskóla, og hefur hann nú þegar tekið út

fjölmarga þætti í stjórn og starfi skólans og sett fram tillögur til úrbóta sem fylgt hefur verið eftir með skipulegum hætti. Loks hefur á síðustu tveimur árum farið fram viðamikil úttekt á stjórn og skipulagi Háskóla Íslands og hafa niðurstöður hennar verið settar fram í áfangaskýrslum sem stutt hafa markvisst við umbótastarf skólans. Allt þjónar þetta þeim tilgangi að stuðla að góðum stjórnarháttum við Háskóla Íslands.

Góðir gestir, þema ráðstefnunnar hér í dag er „Áhrif og ákvarðanir stjórna“. Að loknum framsögum, kynningum stjórnarformanna fyrirtækja og pallborðsumræðum fer fram afhending viðurkenninga til fyrirmyndafyrirtækja. Ég óska þeim fyrirtækjum sem verða heiðruð innilega til hamingju og einnig sendi ég kveðjur til þeirra sem útskrifast síðar í dag úr áfanganum „Viðurkenndir stjórnarmenn“. Loks vil ég nota tækifærið og minna á ráðstefnu European Academy of Management, EURAM, sem haldin verður hér á landi í sumar, dagana 19.-22. júní. Hér er á ferðinni stærsta ráðstefna á sviði viðskiptafræði sem haldin hefur verið á Íslandi og verður umfjöllunarefni hennar „hvernig byggjum við brú á milli akademíu og atvinnulífs?“

Að þessu sögðu segi ég ráðstefnuna „Góðir stjórnarhættir – fyrirmyndar fyrirtæki í stjórnarháttum“ setta og þakka fyrir mig.